

AUGLÝSING

um stofnsamning um Innviðafjárfestingabanka Asíu.

Hinn 4. mars 2016 var ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Kína afhent fullgildingarskjal Íslands vegna stofnsamnings um Innviðafjárfestingabanka Asíu sem gerður var í Peking 29. júní 2015. Alþingi heimilaði hinn 23. febrúar 2016, með þingsályktun nr. 15/145, ríkisstjórninni að fullgilda samninginn.

Samningurinn öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 4. mars 2016 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. desember 2021.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**INNVIÐAFJÁRFESTINGABANKI ASÍU
STOFNSAMNINGUR****Samningurinn er undirritaður fyrir hönd ríkja sem hafa komið sér saman um eftirfarandi:**

Að teknu tilliti til mikilvægis svæðisbundinnar samvinnu til að viðhalda vexti og efla efnahagslega og félagslega þróun hagkerfa í Asíu og stuðla þar með að viðnámsþrótti álfunnar gegn hugsanlegum fjármálakreppum og öðrum ytri áföllum á hnattræna vísu,

Með gildi þróunar innviða í huga til að auka tengingar milli svæða og bæta svæðisbundna samvinnu og stuðla þar með að hagvexti og styðja félagslega þróun í Asíu ásamt því að efla áhrifamátt hnattræna hagkerfisins,

Vitandi að umtalsverð þörf fyrir langtímafjármögnun þróunar innviða í Asíu verður betur mætt með samstarfi núverandi fjölbjóðlegra þróunarbanka og Innviðafjárfestingabanka Asíu (hér á eftir nefndur „bankinn“),

Sannfærð um að stofnun bankans, sem marghliða fjármálastofnunar með áherslu á þróun innviða, mun stuðla að því að afla nauðsynlegra aukafjármuna innan og utan Asíu og fjarlægja flöskuhálsa í fjármögnun, sem einstök hagkerfi Asíu búa við, og aðstoða núverandi fjölbjóðlega þróunarbanka við að efla sjálfbæran og stöðugan vöxt í Asíu,

Hafa komið sér saman um að stofna banka, sem starfar í samræmi við eftirfarandi:

I. KAFLI**TILGANGUR, HLUTVERK OG AÐILD****1. gr.***Tilgangur*

1. Tilgangur bankans er: i) að hlúa að sjálfbærri hagþróun, skapa auð og bæta tengingu innviða í Asíu með því að fjárfesta í innviðum og öðrum framleiðniaukandi geirum og ii) að stuðla að svæðisbundinni samvinnu og samstarfi til að taka á áskorunum í þróunarmálum með því að vinna í nánú samstarfi við aðrar fjölbjóðlegar og tvíhliða þróunarsamvinnustofnanir.
2. Hvar sem orðin „Asía“ og „svæði“ eru notuð í þessum samningi skulu þau fela í sér landfræðileg svæði og uppbyggingu sem Sameinuðu þjóðirnar flokka undir Asíu og Eyjaálfu, nema annað sé tekið fram af hálfu bankaráðs.

2. gr.*Hlutverk*

Bankinn gegnir eftirfarandi hlutverkum til að ná fram tilgangi sínum:

- i. að stuðla að fjárfestingu opinbers fjármagns og einkafjármagns á svæðinu í þróunar skyni, einkum þróun innviða og annarra framleiðniaukandi geira,
- ii. að nýta fjármuni sem hann ræður yfir til að fjármagna slíka framþróun á svæðinu, þ.m.t. þau verkefni og áætlanir sem stuðla á hvað skilvirkastan hátt að samræmdum hagvexti á svæðinu í heild og með sérstöku tilliti til þarfa fátækustu ríkjanna á svæðinu,
- iii. að hvetja til einkafjárfestingar í verkefnum, fyrirtækjum og starfsemi sem stuðlar að hagþróun á svæðinu, einkum í innviðum og öðrum framleiðniaukandi geirum, og að bæta við einkafjárfestingu þegar einkafjármagn er ekki fáanlegt með eðlilegum skilmálum og skilyrðum og
- iv. að sinna annarri starfsemi og veita aðra þjónustu sem kann að koma þessum hlutverkum að gagni.

3. gr.*Aðild*

1. Aðild að bankanum er opin aðilum að Alþjóðlega endurreisnar- og þróunarbankanum eða Þróunarbanka Asíu.

- a) Svæðisbundnir aðilar skulu vera þeir sem taldir eru upp í A-hluta fylgiskjals A og aðrir aðilar sem falla undir svæði Asíu í samræmi við 2. mgr. 1. gr. Allir aðrir aðilar skulu vera aðilar sem ekki eru svæðisbundnir.
- b) Stofnaðilar skulu vera þeir aðilar sem taldir eru upp í fylgiskjali A sem á þeim degi sem tilgreindur er í 57. gr., eða fyrir þann dag, hafa undirritað þennan samning og skulu þeir hafa uppfyllt öll önnur skilyrði aðildar fyrir lokadagsetninguna sem tilgreind er í 1. mgr. 58. gr.
2. Heimilt er að veita þeim aðilum Alþjóðlega endurreisnar- og þróunarbankans eða Þróunarbanka Asíu, sem verða ekki aðilar í samræmi við 58. gr. aðild að bankanum, með þeim skilmálum og skilyrðum sem hann ákveður, með atkvæði sérstaks meirihluta bankaráðs eins og kveðið er á um í 28. gr.
3. Ef um er að ræða umsækjanda sem er ekki fullvalda eða ber ekki ábyrgð á að sinna alþjóðasamskiptum sínum skal sá aðili að bankanum sem annast þau alþjóðasamskipti kynna eða samþykka umsókn hans um aðild að bankanum.

II. KAFLI STOFNFÉ

4. gr.

Samþykkt stofnfé

1. Samþykkt stofnfé bankans er eitt hundrað milljarðar bandaríkjadala (\$100.000.000.000), deilt niður á eina milljón (1.000.000) hluta sem eru 100.000 dalir (\$100.000) hver og geta einungis aðilar í samræmi við ákvæði 5. gr. skráð sig fyrir því.
2. Upphaflegu samþykktu stofnfé er skipt í innborguð hlutabréf og innkallanleg hlutabréf. Hlutabréf sem að samanlögðu nafnvirði nema tuttugu milljörðum dala (\$20.000.000.000) skulu vera innborguð hlutabréf og hlutabréf sem að samanlögðu nafnvirði nema áttatíu milljörðum dala (\$80.000.000.000) skulu vera innkallanleg.
3. Bankaráði er heimilt er að auka samþykkt stofnfé bankans með auknum meirihluta atkvæða eins og kveðið er á um í 28. gr., á þeim tímapunkti og með þeim skilmálum og skilyrðum sem þykja ráðleg, þ.m.t. hlutfallið á milli innborgaðra og innkallanlegra hlutabréfa.
4. Hvar sem hugtakið „dalur“ og merkið „\$“ eru notuð í þessum samningi skulu þau tákna opinberan greiðslumiðil í Bandaríkjunum.

5. gr.

Áskrift að hlutabréfum

1. Hver aðili skráir sig fyrir hlutabréfum í bankanum. Hver skráning fyrir upphaflegu samþykktu stofnfé er í innborguðum hlutabréfum og innkallanlegum hlutabréfum í hlutfallinu tveir (2) á móti átta (8). Upphaflegur fjöldi hlutabréfa sem lönd sem gerast aðilar, í samræmi við 58. gr., geta skráð sig fyrir er settur fram í fylgiskjali A.
2. Upphaflegur fjöldi hlutabréfa sem lönd sem hljóta aðild í samræmi við 2. mgr. 3. gr. geta skráð sig fyrir er ákvarðaður af bankaráði, en að því gefnu að engin slík skráning verði heimiluð sem hefur þau áhrif að lækka hlutfall stofnfjár á hendi svæðisbundinna aðila niður fyrir sjötíu og fimm (75) prósent af skráðu stofnfé í heild, nema bankaráð samþykki annað með atkvæði aukins meirihluta eins og kveðið er á um í 28. gr.
3. Bankaráði er heimilt, að beiðni aðila, að auka áskrift þess aðila með þeim skilmálum og skilyrðum sem ráðinu er heimilt að ákvarða með atkvæði aukins meirihluta eins og kveðið er á um í 28. gr., en að því gefnu að engin slík aukning á skráningu nokkurs aðila verði heimiluð sem hefur þau áhrif að lækka hlutfall stofnfjár á hendi svæðisbundinna aðila niður fyrir sjötíu og fimm (75) prósent af skráðu stofnfé í heild, nema bankaráð samþykki annað með atkvæði aukins meirihluta eins og kveðið er á um í 28. gr.
4. Bankaráð endurskoðar stofnfé bankans eigi sjaldnar en á fimm (5) ára fresti. Ef samþykkt stofnfé er aukið skal hver aðili fá sanngjarnt tækifæri til að skrá sig, með þeim skilmálum og skilyrðum sem bankaráð ákvarðar, fyrir hlutfalli af aukningu hlutafjár sem jafngildir hlutfallinu sem hlutaféð, sem hann hefur þegar skráð sig fyrir, hefur á móti skráðu stofnfé í heild rétt áður en

aukningin fer fram. Enginn aðili er skuldbundinn til að skrá sig fyrir nokkrum hluta stofnfjár-
aukingar.

6. gr.

Greiðsla áskrifta

1. Greiðsla þeirrar fjárhæðar sem hver undirritunaraðili þessa samnings, sem gerist aðili í samræmi við 58. gr., skráir sig upphaflega fyrir og verður innborgað stofnfé bankans er gerð með fimm (5) afborgunum sem eru tuttugu (20) prósent hver af fjárhæðinni, nema eins og kveðið er á um í 5. mgr. þessarar greinar. Hver aðili skal greiða fyrstu afborgun innan þrjátíu daga (30) frá gildistöku þessa samnings, eða daginn fyrir þann dag sem skjal hans um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki er lagt fram fyrir hans hönd, í samræmi við 1. mgr. 58. gr., eftir því hver daganna er síðastur. Önnur afborgun fellur í gjalddaga einu (1) ári frá gildistöku þessa samnings. Þær þrjár (3) afborganir sem eftir eru skulu falla í gjalddaga hver af annarri einu (1) ári frá þeim degi þegar næsta afborgun á undan féll í gjalddaga.
2. Greiða ber hverja afborgun upphaflegra áskrifta að upphaflegu innborguðu stofnfé í dölum eða öðrum auðskiptanlegum gjaldmiðli, nema eins og kveðið er á um í 5. mgr. þessarar greinar. Bankanum er heimilt að skipta slíkum slíkum greiðslum í dali hvenær sem er. Engin réttindi, þ.m.t. atkvæðisréttur, sem fylgja innborguðum hlutabréfum og tengdum innkallanlegum hlutabréfum sem eiga við slíkar greiðslur sem hafa gjaldfallið en ekki borist, skulu gilda fyrr en bankinn hefur mótttekið þær að fullu.
3. Greiðsla fjárhæðar fyrir áskrift að innkallanlegum hlutabréfum bankans skal einungis innkölluð ef og þegar bankinn fer fram á það til að uppfylla skuldbindingar sínar. Eigi slík innköllun sér stað má aðili ráða hvort hann innir greiðslu af hendi í dölum eða í þeim gjaldmiðli sem krafist er til að uppfylla þá skuldbindingu bankans sem er ástæða innköllunarinnar. Sama prósentu skal notuð á öll innkallanleg hlutabréf við innköllun ógreiddra áskrifta.
4. Bankinn ákvarðar stað fyrir allar greiðslur samkvæmt þessari grein, að því tilskildu, fram að stofnfundi bankaráðs, að greiðsla afborgunar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar sé gerð til ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína, sem fjárvörsluaðila bankans.
5. Aðila, sem telst vera meðal fátækustu ríkja að því er varðar þessa málsgrein, er heimilt að greiða áskrift sína samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar, eins og hann kýs, annaðhvort:
 - a) eingöngu í dölum eða öðrum auðskiptanlegum gjaldmiðli í allt að tíu (10) afborgunum, þar sem hver afborgun jafngildir tíu (10) prósent af heildarfjárhæðinni, fyrsta og önnur afborgun falla í gjalddaga eins og kveðið er á um í 1. mgr. og þriðja til tíunda afborgun tveimur árum frá gildistöku þessa samnings og árlega þaðan í frá, eða
 - b) með hluta í dölum eða öðrum auðskiptanlegum gjaldmiðli og allt að fimmtíu (50) prósentum hverrar afborgunar í gjaldmiðli aðilans, samkvæmt afborgunaráætluninni sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar. Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um greiðslur samkvæmt þessari undirgrein (b):
 - i. Aðili skal skýra bankanum frá því við áskrift samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar hve stór hluti greiðslunnar verður í hans eigin gjaldmiðli.
 - ii. Hver greiðsla aðila í hans eigin gjaldmiðli samkvæmt þessari 5. mgr. skal nema þeirri fjárhæð sem bankinn telur að jafngildi fullu virði þeirrar áskriftar sem er til greiðslu, í dölum talið. Upphaflega greiðslan skal nema þeirri fjárhæð sem aðilinn telur viðeigandi samkvæmt þessu en vera háð breytingum sem gerðar eru innan níutíu (90) daga frá því slík greiðsla féll í gjalddaga og bankinn telur nauðsynlegar til að slík greiðsla jafngildi að fullu virðinu í dölum talið.
 - iii. Hvenær sem bankinn telur að virði gjaldmiðils aðilans í erlendum gjaldeyri hafi rýrnað umtalsvert skal sá aðili innan hæfilegs frests greiða bankanum viðbótarfjárhæð í gjaldmiðli sínum til að viðhalda virði þess gjaldmiðils í vörslu bankans vegna áskriftar hans.
 - iv. Hvenær sem bankinn telur að virði gjaldmiðils aðilans í erlendum gjaldeyri hafi aukist umtalsvert skal bankinn greiða þeim aðila innan hæfilegs frests þá fjárhæð í gjaldmiðlinum sem þarf til að aðlaga virði þess gjaldmiðils í vörslu bankans vegna áskriftar hans.

- v. Bankanum er heimilt að fella niður rétt sinn til greiðslu samkvæmt iii. undirgrein og aðilanum er heimilt að fella niður rétt sinn til greiðslu samkvæmt iv. undirgrein.
6. Bankinn skal samþykja sem greiðslu frá öllum aðilum sem greiða áskrift samkvæmt b-lið 5. undirgreinar þessarar greinar, skuldabréf eða aðrar skuldbindingar útgefnar af ríkisstjórn aðilans, eða af vörslufyrirtæki sem aðilinn hefur tilnefnt, í stað fjárhæðarinnar sem aðilinn skal greiða í gjaldmiðli sínum, að því tilskildu að bankinn þurfi ekki á þeirri fjárhæð að halda til að sinna starfsemi sinni. Þess háttar skuldabréf eða skuldbindingar skulu ekki vera framsemjanlegar, ekki bera vexti og greiðast bankanum á nafnverði þegar farið er fram á það.

7. gr.

Skilmálar hlutabréfa

1. Hlutabréf sem aðilar skrifa sig upphaflega fyrir skulu gefin út á nafnvirði. Önnur hlutabréf skulu gefin út á nafnvirði nema bankaráð ákvarði með atkvæði sérstaks meirihluta, eins og kveðið er á um í 28. gr., við sérstakar aðstæður að gefa þau út með öðrum skilmálum.
2. Hlutabréf skulu ekki veðsett eða bera nokkrar kvaðir og einungis skal vera hægt að framselja þau bankanum.
3. Ábyrgð aðila á hlutabréfum takmarkast við ógreiddan hluta útgáfuverðs þeirra.
4. Enginn aðili skal vegna aðildar sinnar bera ábyrgð á skuldbindingum bankans.

8. gr.

Venjulegir fjármunir

Hugtakið „venjulegir fjármunir“ bankans, eins og það er notað í þessum samningi, nær yfir eftirfarandi:

- i. samþykkt stofnfé bankans, þ.m.t. bæði innborguð og innkallanleg hlutabréf, sem aðilar skrá sig fyrir samkvæmt 5. gr.,
- ii. fé sem bankinn aflar samkvæmt valdheimildum sem honum eru faldar með 1. mgr. 16. gr., sem skuldbindingin um innköllun sem kveðið er á um í 3. mgr. 6. gr. á við um,
- iii. fé sem tekið er við sem endurgreiðslu á lánum eða ábyrgðum sem gerð er með fjármunum sem getið er um í i. og ii. undirgrein þessarar greinar, eða sem hagnaði af hlutabréfafjárfestingum, og annars konar fjármögnun sem samþykkt er samkvæmt vi. lið 2. undirgreinar 11. gr. og gerð er með slíkum fjármunum,
- iv. tekjur af lánum sem veitt eru með fyrrnefndu fé eða af ábyrgðum sem skuldbindingin um innköllun sem sett er fram í 3. mgr. 6. gr. á við um og
- v. allt annað fé eða tekjur sem renna til bankans og verða ekki hluti af fjármunum sérstakra sjóða sem um getur í 17. gr. þessa samnings.

III. KAFLI

STARFSEMI BANKANS

9. gr.

Notkun fjármuna

Fjármuni og þjónustu bankans skal einungis nota til að framfylgja þeim tilgangi og hlutverkum sem sett eru fram, eftir því sem við á í 1. og 2. gr. og í samræmi við meginreglur um trausta banka-starfsemi.

10. gr.

Reglubundin og sérstök starfsemi

1. Starfsemi bankans samanstendur af:
 - i. reglubundinni starfsemi sem fjármögnuð er með venjulegum fjármunum bankans, sem um getur í 8. gr. og
 - ii. sérstakri starfsemi sem fjármögnuð er með fjármunum sérstakra sjóða sem um getur í 17. gr. Þessar tvær tegundir starfsemi geta hvor í sínu lagi fjármagnað þætti í sama verkefni eða áætlun.

2. Venjulega fjármuni og fjármuni sérstakra sjóða bankans skal ávallt og á allan hátt halda algjörlega aðskildum hvort sem verið er að varðveita þá, nota, skuldbinda, fjárfesta eða nýta á annan hátt. Reikningsskil bankans skulu sýna reglubundna starfsemi og sérstaka starfsemi á aðskilinn máta.
3. Ekki skal undir neinum kringumstæðum gjaldfæra á venjulega fjármuni bankans, eða nota þá til að greiða, tap eða skuldbindingar sem stafa af sérstakri starfsemi eða annarri starfsemi sem fjármunir sérstakra sjóða voru upphaflega notaðir eða skuldbundnir til.
4. Gjöld sem heyra beint undir reglubundna starfsemi skal gjaldfæra á venjulega fjármuni bankans. Gjöld sem heyra beint undir sérstaka starfsemi skal gjaldfæra á fjármuni sérstakra sjóða bankans. Öll önnur gjöld skal gjaldfæra samkvæmt ákvörðun bankans.

11. gr.

Viðtakendur og starfshættir

1. a. Bankanum er heimilt að veita eða greiða fyrir fjármögnun til sérhvers aðila, eða sérhverrar stofnunar, einingar sem gegnir opinberu hlutverki eða sjálfstæðs umdæmis hans, eða sérhverrar einingar eða fyrirtækis sem starfar á svæði aðila, sem og til alþjóðlegra eða svæðisbundinna stofnana eða eininga sem taka þátt í hagþróun á svæðinu.
- b) Bankanum er heimilt, við sérstakar aðstæður, að veita aðstoð viðtakanda sem ekki er talinn upp í undirgrein a hér að ofan einungis ef bankaráð, með atkvæði aukins meirihluta eins og kveðið er á um í 28. gr.: i) hefur ákvarðað að slíkri aðstoð sé ætlað að þjóna tilgangi bankans og falla undir hlutverk hans og þjóni hagsmunum aðildarríkja bankans, og ii) hefur tilgreint þær tegundir aðstoðar samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar sem heimilt er að veita slíkum viðtakanda.
2. Bankanum er heimilt að sinna starfsemi sinni með einhverjum eftirfarandi hætti:
 - i. með því að veita, fjármagna ásamt öðrum eða taka þátt í beinum lánum,
 - ii. með því að fjárfesta í hlutafé stofnunar eða fyrirtækis,
 - iii. með því að ábyrgjast, annaðhvort sem upphaflegur loforðsgjafi eða annar loforðsgjafi, að hluta eða öllu leyti, lán til hagþróunar,
 - iv. með því að nýta fjármuni sérstakra sjóða í samræmi við samninga sem kveða á um notkun þeirra,
 - v. með því að veita tækniástoð í samræmi við 15. gr., eða
 - vi. með öðrum tegundum fjármögnunar samkvæmt ákvörðun bankaráðs með atkvæði sérstaks meirihluta eins og kveðið er á um í 28. gr.

12. gr.

Takmarkanir á reglubundinni starfsemi

1. Aldrei skal auka heildarfjárhæð útistandandi lána, hlutabréfafjárfestinga, ábyrgða eða annarra tegunda fjármögnunar sem bankinn veitir í reglubundinni starfsemi sinni samkvæmt i., ii., iii. og vi. lið 2. undirgreinar 11. gr., ef með þess háttar aukningu yrði farið fram yfir heildarfjárhæð óskerts skráðs stofnfjár, varasjóða og óráðstafaðs eigin fjár sem fellur undir venjulega fjármuni hans. Þrátt fyrir ákvæði næstu málsgreinar hér á undan er bankaráði heimilt, með atkvæði aukins meirihluta eins og kveðið er á um í 28. gr., að ákvarða hvenær sem er að á grundvelli efnahags og fjárhagsstöðu bankans sé heimilt að hækka mörkin samkvæmt þessari málsgrein í allt að 250% af óskertu skráðu stofnfé, varasjóðum og óráðstöfuðu eigin fé sem fellur undir venjulega fjármuni bankans.
2. Fjárhæð greiddra hlutabréfafjárfestinga bankans skal aldrei vera hærri en nemur þeirri fjárhæð sem samsvarar óskertu innborguðu skráðu stofnfé og almennum varasjóðum hans.

13. gr.

Meginreglur starfseminnar

Starfsemi bankans skal fara fram í samræmi við meginreglurnar sem hér fara á eftir.

1. Bankinn skal fylgja meginreglum um trausta bankastarfsemi í starfsemi sinni.
2. Starfsemi bankans skal aðallega snúast um fjármögnun sérstakra verkefna eða sérstakra fjárfestingaráætlana, um hlutabréfafjárfestingar og um tækniástoð í samræmi við 15. gr.

3. Bankinn skal ekki fjármagna fyrirtæki á svæði aðila ef sá aðili er mótfallinn þess háttar fjármögnun.
4. Bankinn skal tryggja að allar tegundir starfsemi hans séu í samræmi við rekstrar- og fjármála- stefnur hans, þ.m.t. án takmarkana, stefnur sem fjalla um umhverfisleg og félagsleg áhrif.
5. Þegar bankinn tekur umsókn um fjármögnun til athugunar skal hann taka tilhlýðilegt tillit til getu umsækjandans til að afla fjármögnunar eða þjónustu annars staðar, með þeim skilmálum og skilyrðum sem bankinn telur sanngjörn fyrir viðtakandann, að teknu tilliti til allra viðeigandi þátta.
6. Þegar bankinn veitir eða ábyrgist fjármögnun skal hann taka tilhlýðilegt tillit til líkinda þess að viðtakandinn og ábyrgðaraðilinn, ef við á, verði í stöðu til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt fjármögnunarsamningnum.
7. Þegar bankinn veitir eða ábyrgist fjármögnun skulu fjárhagslegir skilmálar, svo sem vextir og önnur gjöld og áætlun um endurgreiðslu höfuðstóls, vera með þeim hætti sem bankinn telur viðeigandi fyrir viðkomandi fjármögnun og áhættuna sem bankinn tekur.
8. Bankinn skal ekki leggja takmarkanir á innkaup vöru og þjónustu frá nokkru landi fyrir afrakstur fjármögnunar í reglubundinni eða sérstakri starfsemi bankans.
9. Bankinn skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að afrakstur fjármögnunar sem bankinn veitir, ábyrgist eða tekur þátt í sé einungis notaður í þeim tilgangi sem var ástæða þess að fjármögnunin var veitt og með tilhlýðilegu tilliti til hagkvæmni og skilvirkni.
10. Bankinn skal taka tilhlýðilegt tillit til kosta þess að forðast að of hátt hlutfall fjármuna hans sé notuð í þágu nokkurs aðila miðað við aðra.
11. Bankinn leitast við að viðhalda hæfilegri fjölbreytni í fjárfestingum sínum í hlutafé. Í hlutabréfafjárfestingum sínum tekur bankinn ekki ábyrgð á stjórnun einingar eða fyrirtækis sem hann hefur fjárfest í og sækist ekki eftir ráðandi hlut í viðkomandi einingu eða fyrirtæki, nema þegar nauðsyn krefur til að vernda fjárfestingu bankans.

14. gr.

Skilmálar og skilyrði fjármögnunar

1. Þegar um er að ræða lán sem bankinn veitir eða tekur þátt í, eða lán sem hann ábyrgist, skal samningurinn staðfesta, í samræmi við meginreglur starfseminnar sem settar eru fram í 13. gr. og með fyrirvara um önnur ákvæði þessa samnings, skilmála og skilyrði viðkomandi láns eða ábyrgðar. Við ákvörðun slíkra skilmála og skilyrða skal bankinn taka fullt tillit til nauðsynjar þess að vernda tekjur hans og fjárhagsstöðu.
2. Sé viðtakandi lána eða lánsábyrgða ekki sjálfur aðili er bankanum heimilt, þegar hann telur ráðlegt, að gera kröfu um að aðili þess svæðis þar sem viðkomandi verkefni á að eiga sér stað, eða ríkisstofnun eða einhver eining þess aðila, sem gegnir opinberu hlutverki og bankinn samþykkir, ábyrgist endurgreiðslu höfuðstólsins og greiðslu vaxta og annarra gjalda af láninu í samræmi við skilmála þess.
3. Fjárhæð einstakra hlutabréfafjárfestinga skal ekki vera hærri en sú prósentu af hlutafé viðkomandi einingar eða fyrirtækis sem stefnur samþykktar af stjórninni heimila.
4. Bankanum er heimilt að veita fjármögnun í starfsemi sinni í gjaldmiðli viðkomandi lands, í samræmi við stefnur sem lágmarka gjaldmiðilsáhættu.

15. gr.

Tækniaðstoð

1. Bankanum er heimilt að veita tækniráðgjöf og -aðstoð og aðra svipaða aðstoð sem þjónar tilgangi hans og fellur undir hlutverk hans.
2. Ef útgjöld sem falla til við að veita slíka þjónustu eru ekki endurgreiðanleg skal bankinn gjaldfæra slík útgjöld á tekjur bankans.

IV. KAFLI
FJÁRMÁL BANKANS

16. gr.

Almennar valdheimildir

Auk þeirra valdheimilda sem tilgreindar eru annars staðar í þessum samningi hefur bankinn þær valdheimildir sem fara hér á eftir.

1. Bankanum er heimilt að afla fjár með lántöku eða öðrum hætti, í aðildarríkjum eða annars staðar, í samræmi við viðeigandi lagaákvæði.
2. Bankanum er heimilt að kaupa og selja verðbréf sem hann hefur gefið út eða ábyrgst eða sem hann hefur fjárfest í.
3. Bankanum er heimilt að ábyrgjast verðbréf sem hann hefur fjárfest í til að greiða fyrir sölu þeirra.
4. Bankanum er heimilt að sölutryggja eða taka þátt í sölutryggingu verðbréfa útgefnum af einingu eða fyrirtæki í tilgangi sem samræmist tilgangi bankans.
5. Bankanum er heimilt að fjárfesta eða leggja inn fé sem ekki er þörf fyrir í starfsemi hans.
6. Bankinn tryggir að öll verðbréf sem hann gefur út eða ábyrgist beri á framhliðinni auðsjáanlega yfirlýsingu þess efnis að bréfið sé ekki skuldbinding nokkurrar ríkisstjórnar, nema það sé í raun skuldbinding ákveðinnar ríkisstjórnar og skal það þá koma fram í yfirlýsingunni.
7. Bankanum er heimilt að stofna og stjórna sjóðum sem varðveittir eru fyrir aðra aðila, að því tilskyldu að slíkum vörslusjóðum sé ætlað að þjóna tilgangi bankans og falla innan hlutverka hans, samkvæmt vörslusjóðsramma sem bankaráð hefur áður samþykkt.
8. Bankanum er einungis heimilt að stofna dóttureiningar sem ætlað er að þjóna tilgangi bankans og falla innan hlutverka hans með samþykki bankaráðs með atkvæði sérstaks meirihluta eins og kveðið er á um í 28. gr.
9. Bankanum er heimilt að beita þeim heimildum og staðfesta þær reglur sem kunna að reynast nauðsynlegar eða viðeigandi til að efla tilgang hans og hlutverk, í samræmi við ákvæði þessa samnings.

17. gr.

Sérstakir sjóðir

1. Bankanum er heimilt að taka við sérstökum sjóði sem ætlað er að þjóna tilgangi bankans og falla innan hlutverka hans. Þess háttar sérstakir sjóðir skulu vera fjármunir bankans. Allur kostnaður tengdur umsýslu sérstakra sjóða skal gjaldfærður á þann sérstaka sjóð.
2. Heimilt er að nota sérstaka sjóði sem bankinn samþykkir með þeim skilmálum og skilyrðum sem samræmast tilgangi og hlutverkum bankans og samningnum sem varðar slíka sjóði.
3. Bankinn samþykkir sérstakar reglur eftir því sem þörf er á til að stofna, stjórna og nota hvern sérstaka sjóð. Þær reglur skulu vera í samræmi við ákvæði þessa samnings, nema þau ákvæði sem beinlínis eiga aðeins við um reglubundna starfsemi bankans.
4. Hugtakið „fjármunir sérstakra sjóða“ á við um fjármuni sérhvers sérstaks sjóðs og felur í sér:
 - i. fé sem bankinn samþykkir að renni í sérstakan sjóð,
 - ii. fé sem tekið er við að því er varðar lán eða ábyrgðir og afrakstur hlutabréfafjárfestinga sem fjármagnaðar eru með fjármunum sérstaks sjóðs sem, samkvæmt reglum bankans um viðkomandi sérstakan sjóð, slíkur sérstakur sjóður tekur við,
 - iii. tekjur af fjárfestingum með fjármunum sérstakra sjóða og
 - iv. allir aðrir fjármunir sem veittir eru sérstökum sjóði til afnota.

18. gr.

Úthlutun og dreifing hreinna tekna

1. Bankaráð ákvarðar minnst árlega hvaða hluta hreinna tekna bankans skal úthluta, eftir að framlag er fært í varasjóði, í óráðstafað eigið fé eða til annarra nota og hvaða hluta, ef þá nokkrum, skal dreift til aðila. Allar slíkar ákvarðanir um úthlutun á hreinum tekjum bankans til annarra nota skulu teknar með atkvæði aukins meirihluta eins og kveðið er á um í 28. gr.
2. Dreifingin sem um getur í málsgreininni hér að framan skal vera í hlutfalli við fjölda hluta hvers aðila og greiðslur inntar af hendi á þann hátt og í þeim gjaldmiðli sem bankaráð ákvarðar.

19. gr.

Gjaldmiðlar

1. Aðilar skulu ekki leggja neinar takmarkanir á gjaldmiðla, þ.m.t. móttöku, varðveislu, notkun eða millifærslu af hálfu bankans eða nokkurs viðtakanda frá bankanum, vegna greiðslna í nokkru landi.
2. Hvenær sem það reynist nauðsynlegt, samkvæmt þessum samningi, að meta virði eins gjaldmiðils út frá öðrum eða ákvarða hvort gjaldmiðill sé auðskiptanlegur skal bankinn sjá um slíkt mat eða ákvörðun.

20. gr.

Aðferðir við að uppfylla skuldbindingar bankans

1. Ef vanskil eða greiðslufall á sér stað á lánum sem bankinn veitir, tekur þátt í eða ábyrgist í reglubundinni starfsemi sinni og ef tap á sér stað á hlutabréfafjárfestingu eða annarri tegund fjármögnunar samkvæmt vi. lið 2. undirgreinar 11. gr., í venjulegri starfsemi bankans, skal hann grípa til þeirra aðgerða sem hann telur viðeigandi. Bankinn skal viðhalda viðeigandi varúðarniðurfærslum til að mæta hugsanlegu tapi.
2. Tap sem stafar af reglubundinni starfsemi bankans skal gjaldfært:
 - i. í fyrsta lagi á varúðarniðurfærslur sem um getur í 1. mgr. hér að framan,
 - ii. í öðru lagi á hreinar tekjur,
 - iii. í þriðja lagi á móti varasjóðum og óráðstöfuðu eigin fé,
 - iv. í fjórða lagi á móti óskertu innborguðu stofnfé og
 - v. að síðustu á móti viðeigandi fjárhæð óinnkallaðs innkallanlegs stofnfjár í áskrift, sem innkalla skal í samræmi við ákvæði 3. mgr. 6. gr.

V. KAFLI

STJÓRNARHÆTTIR

21. gr.

Skipulag

Bankinn hefur bankaráð, stjórn, forseta, einn eða fleiri varaforseta og aðra stjórnendur og almennt starfsfólk sem kann að þykja nauðsynlegt.

22. gr.

Skipan bankaráðs

1. Hver aðili skal eiga fulltrúa í bankaráði og skal skipa einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa. Hver aðalfulltrúi og varafulltrúi skal starfa að vilja þess aðila sem skipar hann. Engum varafulltrúa er heimilt að greiða atkvæði nema í fjarveru aðalmanns hans.
2. Bankaráð kys á hverjum árlegum fundi sínum einn aðalfulltrúa í bankaráði sem formann og skal hann gegna embætti þar til næsti formaður er kjörinn.
3. Aðalfulltrúar og varafulltrúar skulu starfa sem slíkir án launa frá bankanum, en bankanum er heimilt að greiða þeim sanngjarnan kostnað vegna fundarsóknar.

23. gr.

Valdheimildir bankaráðs

1. Allar valdheimildir bankans skulu faldar bankaráði.
2. Bankaráði er heimilt að fela stjórninni í hendur einhverja valdheimilda sinna, eða allar, að undanskilinni heimild til að:
 - i. samþykkja nýja aðila og ákvarða skilyrði inngöngu þeirra,
 - ii. auka eða minnka samþykkt stofnfé bankans,
 - iii. svipta aðila aðild sinni tímabundið,
 - iv. úrskurða um kærur vegna túlkunar eða beitingar þessa samnings sem koma frá stjórninni,
 - v. kjósa stjórnarmenn bankans og ákvarða hvaða kostnað skuli greiða fyrir stjórnarmenn og varastjórnarmenn og laun, ef einhver eru, samkvæmt 6. mgr. 25. gr.,

- vi. kjósa forsetann, víkja honum tímabundið eða varanlega úr embætti og ákvarða laun hans og önnur starfsskilyrði,
 - vii. samþykkja, að lokinni yfirferð á skýrslu endurskoðanda, almennan efnahagsreikning og rekstrarreikning bankans,
 - viii. ákvarða varasjóði og úthlutun og dreifingu hreins hagnaðar bankans,
 - ix. breyta þessum samningi,
 - x. ákveða að binda endi á starfsemi bankans og dreifa eignum hans og
 - xi. beita öðrum heimildum sem eru beinlínis faldar bankaráði í þessum samningi.
3. Bankaráð heldur fullri heimild til að beita yfirráðum yfir öllum málum sem stjórninni eru falin samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

24. gr.

Verklag bankaráðs

1. Bankaráð heldur ársfund og aðra fundi sem ráðið kann að kveða á um eða stjórnin boðar til. Stjórnin skal boða til funda bankaráðs hvenær sem fimm (5) aðilar að bankanum fara fram á það.
2. Meirihluti fulltrúa myndar ákvörðunarbæran meirihluta vegna funda bankaráðs, að því gefnu að slíkur meirihluti samanstandi af minnst tveimur þriðju hlutum heildaratkvæðamagns aðilanna.
3. Bankaráð staðfestir með reglugerð starfsreglur sem heimila stjórninni að fá atkvæði fulltrúa bankaráðs um tilgreint málefni án fundar og kveða á um rafræna fundi bankaráðs við sérstakar aðstæður.
4. Bankaráð, og stjórn að því marki sem heimilað er, mega stofna dóttureiningar og samþykkja reglur sem kunna að reynast nauðsynlegar eða viðeigandi til að sinna viðfangsefnum bankans.

25. gr.

Skipan stjórnar

1. Stjórnin er skipuð tólf (12) meðlimum sem skulu ekki eiga sæti í bankaráði og af þeim skulu:
 - i. níu (9) skulu kosnir af aðalfulltrúum í bankaráði sem eru fulltrúar svæðisbundinna aðila og
 - ii. þrír (3) skulu kosnir af aðalfulltrúum í bankaráði sem eru fulltrúar aðila sem ekki eru svæðisbundnir.

Stjórnarmenn skulu vera mjög hæfir einstaklingar á sviði hagfræði og fjármála og skulu kosnir í samræmi við fylgiskjal B. Stjórnarmenn skulu vera fulltrúar þeirra aðila sem fulltrúar bankaráðs sem kusu þá eru fulltrúar fyrir, sem og þeirra aðila sem fulltrúar bankaráðs sem framseldu þeim atkvæði sín eru fulltrúar fyrir.
2. Bankaráð skal, af og til, endurskoða stærð og skipan stjórnar og er heimilt að stækka eða minnka hana eða breyta skipan hennar eins og við á, með atkvæði aukins meirihluta eins og kveðið er á um í 28. gr.
3. Hver stjórnarmaður skipar varastjórnarmann með fulla heimild til að gegna hlutverki hans þegar hann er fjarverandi. Bankaráð skal samþykkja reglur sem gera stjórnarmanni, sem kosinn er af fleirum en tilgreindum fjölda aðila, fært að skipa aukalegan varastjórnarmann.
4. Stjórnarmenn og varastjórnarmenn skulu vera ríkisborgarar aðildarríkja. Engir tveir eða fleiri stjórnarmenn mega vera af sama þjóðerni né mega engir tveir eða fleiri varastjórnarmenn vera af sama þjóðerni. Varastjórnarmenn mega taka þátt í fundum stjórnar en mega einungis greiða atkvæði þegar þeir gegna hlutverki stjórnarmanns.
5. Stjórnarmenn skulu gegna embætti í tvö (2) ár og heimilt er að endurkjósa þá.
 - a) Stjórnarmenn skulu gegna embætti þar til eftirmenn þeirra hafa verið kosnir og hafið störf.
 - b) Ef embætti stjórnarmanns losnar meira en eitt hundrað og áttatíu (180) dögum áður en kjörtímabili hans lýkur skulu aðalfulltrúarnir í bankaráði sem kusu stjórnarmanninn velja eftirmann, í samræmi við fylgiskjal B, til þess sem eftir lifir af kjörtímabilinu. Þess háttar kjör krefst meirihluta þeirra atkvæða sem bankaráðsmennirnir greiða. Þeir aðalfulltrúar í bankaráði sem kusu stjórnarmann mega á sama hátt velja eftirmann ef embætti stjórnarmanns losnar eitt hundrað og áttatíu (180) dögum eða minna áður en kjörtímabili hans lýkur.
 - c) Á meðan embætti stjórnarmanns er laust skal varastjórnarmaður fyrrverandi stjórnarmanns beita heimildum hans, nema þeirri að skipa varastjórnarmann.

6. Stjórnarmenn og varastjórnarmenn skulu starfa án launa frá bankanum, nema bankaráð ákveði annað, en bankanum er heimilt að greiða þeim sanngjarnan kostnað við fundasókn.

26. gr.

Valdheimildir stjórnar

Stjórnin ber ábyrgð á stefnu almennrar starfsemi bankans og skal í þeim tilgangi, auk þeirra heimilda sem henni eru beinlínis veittar með þessum samningi, beita öllum þeim heimildum sem bankaráð veitir henni og skal einkum:

- i. undirbúa vinnu bankaráðs,
- ii. móta stefnur bankans og, með meirihluta sem er ekki minni en þrír fjórðu hlutar heildaratkvæðamagns aðilanna, taka ákvarðanir um meiriháttar rekstrar- og fjármálastefnur og um að fela forsetanum vald samkvæmt stefnum bankans,
- iii. taka ákvarðanir varðandi starfsemi bankans samkvæmt 2. mgr. 11. gr. og, með meirihluta sem er ekki minni en þrír fjórðu hlutar heildaratkvæðamagns aðilanna, taka ákvörðun um að fela forsetanum slíkt vald,
- iv. hafa reglulegt eftirlit með stjórnun og rekstri bankans og koma á fót eftirlitsfyrirkomulagi í þeim tilgangi, í samræmi við meginreglurnar um gagnsæi, aðgengileika, sjálfstæði og ábyrgðarskyldu,
- v. samþykkja stefnumið, árlega áætlun og fjárhagsáætlun bankans,
- vi. skipa í þær nefndir sem ráðlegt þykir að skipa í og
- vii. leggja endurskoðaða reikninga hvers fjárhagsárs fyrir bankaráð til samþykktar

27. gr.

Verklag stjórnar

1. Stjórnin fundar eins oft og viðfangsefni bankans útheimta, með reglulegu millibili árið um kring. Stjórnin starfar án búsetu á staðnum (non-resident basis) nema bankaráð ákveði annað með atkvæði aukins meirihluta eins og kveðið er á um í 28. gr. Formaður getur boðað fundi, eða þrír (3) stjórnarmenn hvenær sem þeir óska eftir því.
2. Meirihluti stjórnarmanna myndar ályktunarbæran meirihluta vegna funda stjórnar, að því gefnu að slíkur meirihluti samanstandi af minnst tveimur þriðju hlutum heildaratkvæðamagns aðilanna.
3. Ef enginn stjórnarmaður er af þjóðerni ákveðins aðila skal bankaráð samþykkja reglur sem kveða á um að þeim aðila sé heimilt að senda fulltrúa til að sækja, án atkvæðisréttar, fundi stjórnar þegar mál sem sérstaklega varða þann aðila eru til umfjöllunar.
4. Stjórnin staðfestir starfsreglur sem heimila stjórninni að halda rafrænan fund eða greiða atkvæði um mál án þess að halda fund.

28. gr.

Atkvæðagreiðsla

1. Heildaratkvæðamagn hvers aðila samanstendur af summu grunnatkvæða, hlutaatkvæða og, ef um stofnaðila er að ræða, stofnaðilaatkvæða.
 - i. Grunnatkvæði hvers aðila skulu vera sá fjöldi atkvæða sem stafar af jafnri dreifingu meðal allra aðila á tólf (12) prósentum af heildarsummu grunnatkvæða, hlutaatkvæða og stofnaðilaatkvæða allra meðlima.
 - ii. Fjöldi hlutaatkvæða hvers aðila jafngildir fjölda hlutabréfa í bankanum sem sá aðili á.
 - iii. Úthluta skal hverjum stofnaðila sex hundruð (600) stofnaðilaatkvæðum.
Ef aðili lætur hjá líða að greiða nokkurn hluta þeirrar fjárhæðar sem er til greiðslu að því er varðar skuldbindingar í tengslum við innborguð hlutabréf samkvæmt 6. gr. skal, þar til greiðslan er innt af hendi, þeim hlutaatkvæðum sem aðilinn má nýta fækkað hlutfallslega um þá prósentu sem sú fjárhæð sem er gjaldfallin og ógreidd samsvarar af heildarnafnvirði innborgaðra hluta sem sá aðili hefur skráð sig fyrir.
2. Við atkvæðagreiðslu í bankaráði er sérhverjum fulltrúa heimilt að nýta atkvæði þeirra aðila sem hann er fulltrúi fyrir.
 - i. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi skulu ákvarðanir um öll mál sem fjallað er um í bankaráði teknar með meirihluta greiddra atkvæða.

- ii. Atkvæði aukins meirihluta bankaráðs krefst meðatkvæðis tveggja þriðju hluta allra fulltrúa sem fara með ekki minna en þrjá fjórðu hluta heildaratkvæðamagns aðila.
 - iii. Atkvæði aukins meirihluta bankaráðs krefst meðatkvæðis tveggja þriðju hluta allra fulltrúa sem fara með ekki minna en þrjá fjórðu hluta heildaratkvæðamagns aðila.
3. Við atkvæðagreiðslu stjórnar hefur hver stjórnarmaður rétt til að nýta þann fjölda atkvæða sem fulltrúar bankaráðs sem kusu hann hafa rétt til að nýta og sem fulltrúar bankaráðs sem framseldu honum atkvæði sín, samkvæmt fylgiskjali B, hafa rétt til að nýta.
- i. Stjórnarmaður sem hefur rétt til að nýta atkvæði fleiri en eins aðila er heimilt að nýta þau hver í sínu lagi.
 - ii. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi skulu ákvarðanir um öll mál sem fjallað er um í stjórn teknar með meirihluta greiddra atkvæða.

29. gr.

Forseti

1. Bankaráð skal með ferli sem er opið, gagnsætt og byggir á verðleikum, kjósa forseta bankans með atkvæði aukins meirihluta eins og kveðið er á um í 28. gr. Hann skal vera ríkisborgari svæðisbundins aðildarríkis. Forsetinn má ekki vera aðalfulltrúi í bankaráði, stjórnarmaður eða varamaður annars hvors á meðan hann gegnir embætti.
2. Kjörtímabil forsetans er fimm (5) ár. Hann má endurkjósa einu sinni. Heimilt er að víkja forseta tímabundið eða varanlega úr embætti ef bankaráð ákveður það með atkvæði aukins meirihluta eins og kveðið er á um í 28. gr.
 - a) Losni embætti forseta af einhverri ástæðu á kjörtímabili hans skal bankaráð skipa starfandi forseta sem starfar tímabundið eða kjósa nýjan forseta, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.
3. Forsetinn er stjórnarformaður en greiðir ekki atkvæði nema þörf sé á oddaatkvæði. Honum er heimilt að taka þátt í fundum bankaráðs, en ekki greiða atkvæði.
4. Forsetinn er lagalegur fyrirvarsmáður bankans. Hann er yfirmaður starfsfólks bankans og sinnir daglegum störfum bankans samkvæmt stefnu stjórnar.

30. gr.

Stjórnendur og almennt starfsfólk bankans

1. Bankaráð skipar einn eða fleiri varaforseta samkvæmt ráðleggingu forseta, með ferli sem er opið, gagnsætt og byggir á verðleikum. Varaforseti gegnir embætti í þann tíma, beitir þeim heimildum og gegnir þeim hlutverkum í stjórnun bankans sem stjórnin ákvarðar. Varaforseti beitir heimildum og gegnir hlutverkum forseta, sé sá síðarnefndi fjarverandi eða vanhæfur.
2. Forseti ber ábyrgð á að skipuleggja starf stjórnenda og almenns starfsfólks, skipa það og segja því upp í samræmi við reglugerðir sem stjórnin samþykkir, að undanskildum varaforsetum að því marki sem kveðið er á um í 1. mgr. hér að ofan.
3. Þegar forseti skipar stjórnendur og almennt starfsfólk og mælir með varaforsetum skal forseti, með fyrirvara um mikilvægi þess að tryggja að farið sé að ítrustu kröfum um skilvirkni og tæknilega færni, taka tilhlýðilegt tillit til ráðningar starfsliðs frá sem flestum ríkjum.

31. gr.

Alþjóðlegt eðli bankans

1. Bankinn tekur ekki við sérstökum sjóðum, lánnum eða aðstoð sem á nokkurn hátt gæti haft áhrif á, takmarkað, dregið úr eða breytt tilgangi hans eða hlutverkum á annan hátt.
2. Bankinn, forseti hans, stjórnendur og almennt starfsfólk hafa ekki afskipti af stjórnámálum nokkurs aðila, né láta stjórnámál viðkomandi aðila hafa áhrif á ákvarðanir sínar. Einungis efnahagsleg sjónarmið skipta máli fyrir ákvarðanir þeirra. Vega skal og meta slík sjónarmið af hlutleysi til að ná fram tilgangi bankans og sinna hlutverkum hans.
3. Forseti, stjórnendur og almennt starfsfólk bankans gengur einungis erinda bankans er það sinnir skyldustörfum sínum. Hver aðili að bankanum skal virða alþjóðlegt eðli þessarar skyldu og forðast hið ítrasta að hafa áhrif á það er það sinnir skyldustörfum sínum.

VI. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

32. gr.

Skrifstofur bankans

1. Aðalskrifstofa bankans er í Peking, Alþýðulýðveldinu Kína.
2. Bankanum er heimilt að setja á fót stofnanir eða skrifstofur annars staðar.

33. gr.

Samskiptaleið: Vörsluaðilar

1. Hver aðili tilnefnir viðeigandi opinbera einingu sem bankinn getur haft samskipti við í tengslum við mál sem upp koma samkvæmt þessum samningi.
2. Hver aðili tilnefnir seðlabanka sinn, eða aðra slíka stofnun sem bankinn samþykkir, sem vörsluaðila þar sem bankinn getur geymt eign sína í gjaldmiðli þess aðila sem og aðrar eignir bankans.
3. Bankinn geymir eignir sínar hjá þeim vörsluaðilum sem stjórnin ákvarðar.

34. gr.

Skýrslur og upplýsingar

1. Vinnutungumál bankans er enska og bankinn reiðir sig á enskan texta þessa samnings að því er varðar allar ákvarðanir og túlkanir samkvæmt 54. gr.
2. Aðilar útvega bankanum þær upplýsingar sem eðlilegt er að hann fari fram á svo hann eigi auðveldara með að sinna hlutverki sínu.
3. Bankinn sendir aðilum sínum ársskýrslu sem inniheldur endurskoðað yfirlit yfir reikninga hans og birtir skýrsluna. Hann sendir aðilum sínum einnig ársfjórðungslega samantekinn efnahagsreikning sinn og rekstrarreikning sem sýnir niðurstöðu rekstrar hans.
4. Bankinn markar stefnu um upplýsingagjöf til að stuðla að gagnsæi í starfsemi sinni. Bankanum er heimilt að birta slíkar skýrslur þegar honum þykir henta í samræmi við tilgang sinn og hlutverk.

35. gr.

Samstarf við aðila og alþjóðastofnanir

1. Bankinn starfar í náinni samvinnu við alla aðila sína og, á þann hátt sem hann metur viðeigandi í skilningi skilmála þessa samnings, við aðrar alþjóðlegar fjármálastofnanir og alþjóðastofnanir sem tengjast hagþróun á svæðinu eða stafssvæðum bankans.
2. Bankanum er heimilt að gera samninga við slíkar stofnanir með samþykki stjórnar, ef tilgangur þeirra samrýmist þessum samningi.

36. gr.

Tilvísanir

1. Tilvísanir í þessum samningi til greina eða fylgiskjala vísa til greina og fylgiskjala þessa samnings, nema annað sé tilgreint.
2. Tilvísanir í þessum samningi til ákveðins kyns skulu gilda jafnt um öll kyn.

VII. KAFLI
AFTURKÖLLUN OG TÍMABUNDIN SVIPTING AÐILDAR

37. gr.

Afturköllun aðildar

1. Aðila er hvenær sem er heimilt að afturkalla aðild sín að bankanum með því að senda bankanum skriflega tilkynningu á aðalskrifstofu hans.
2. Afturköllun aðila á aðild sinni tekur gildi og aðild hans lýkur á þeim degi sem tilgreindur er í tilkynningu hans en þó aldrei minna en sex (6) mánuðum frá þeim degi þegar bankinn tók við tilkynningunni. Aðila er þó heimilt, hvenær sem er áður en afturköllunin tekur endanlega gildi, að tilkynna bankanum skriflega um niðurfellingu tilkynningar sinnar um fyrirhugaða afturköllun aðildar.

3. Aðili sem afturkallar aðild sína er áfram ábyrgur fyrir beinum og óvissum skyldum gagnvart bankanum sem giltu um hann þann dag sem tilkynning um afturköllun var afhent. Ef afturköllun tekur endanlega gildi, stofnar aðili ekki til neinnar ábyrgðar eða skuldbindinga sem stafa af starfsemi bankans eftir þann dag sem bankinn tók við tilkynningu um afturköllun.

38. gr.

Tímabundin svipting aðildar

1. Ef aðili lætur hjá líða að uppfylla einhverja af skyldum sínum gagnvart bankanum er bankaráði heimilt að svipta þann aðila aðild með atkvæði aukins meirihluta eins og kveðið er á um í 28. gr.
2. Aðili sem sviptur er aðild tímabundið á þennan hátt hættir sjálfkrafa að vera aðili einu (1) ári frá degi sviptingarinnar, nema bankaráð ákveði með atkvæði aukins meirihluta, eins og kveðið er á um í 28. gr., að veita aðilanum fyrri stöðu að nýju.
3. Á meðan aðili er sviptur aðild tímabundið er honum ekki heimilt að nýta nokkur réttindi samkvæmt þessum samningi, nema réttinn til afturköllunar, en er áfram háður öllum skyldum hennar.

39. gr.

Uppgjör reikninga

1. Eftir þann dag þegar land hættir að vera aðili ber það áfram ábyrgð á beinum skyldum sínum gagnvart bankanum og á óvissum skyldum gagnvart bankanum svo lengi sem nokkur hluti þeirra lána, ábyrgða, hlutabréfafjárfestinga eða annarrar tegundar fjármögnunar samkvæmt vi. lið 2. undirgreinar 11. gr. (hér á eftir, önnur fjármögnun) sem samningur var gerður um áður en hann hætti að vera aðili, er útistandandi, en bakar sér ekki skuldbindingar að því er varðar lán, ábyrgðir, hlutabréfafjárfestingar eða aðra fjármögnun sem bankinn tekst á hendur þaðan í frá né eiga hlut í tekjum eða útgjöldum bankans.
2. Þegar land hættir að vera aðili sér bankinn um að hann kaupir sjálfur hlutabréf þess lands og er það liður í uppgjóri reikninga við það land í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr. þessarar greinar. Endurkaupsverð hlutabréfanna við þetta tilefni er virði þeirra samkvæmt bókum bankans á þeim degi sem land hættir að vera aðili.
3. Greiðsla fyrir hlutabréf sem bankinn kaupir aftur samkvæmt þessari grein ræðst af eftirfarandi skilyrðum:
 - i. Fjárhæð sem greiða ber viðkomandi landi fyrir hlutabréf þess skal haldið eftir á meðan landið, seðlabanki þess eða einhver stofnana þess, eininga sem gegna opinberu hlutverki eða sjálfstæðra umdæma er ábyrgt, sem lántakandi, ábyrgðaraðili eða annar sammingsaðili að því er varðar hlutabréfafjárfestingu eða aðra fjármögnun, gagnvart bankanum og er bankanum heimilt að nota hana á móti slíkri skuldbindingu þegar hún fellur í gjalddaga. Engri fjárhæð skal haldið eftir vegna óvissrar skuldar landsins að því er varðar innköllun í framtíðinni á áskrift þess að hlutabréfum í samræmi við 3 mgr. 6. gr. Aldrei skal greiða aðila neina fjárhæð fyrir hlutabréf sín fyrr en sex (6) mánuðum eftir daginn sem landið hættir að vera aðili.
 - ii. Heimilt er hverju sinni að inna greiðslu af hendi fyrir hlutabréf gegn afhendingu samsvarandi hlutabréfa af hálfu viðkomandi lands, að því marki sem gjaldfallin fjárhæð, sem endurkaupsverð í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, er umfram samanlagða fjárhæð skuldbindinga, vegna lána, ábyrgða, hlutabréfafjárfestinga og annarrar fjármögnunar sem um getur í i. undirgrein þessarar greinar, þar til fyrrum aðili hefur móttekið allt endurkaupsverðið.
 - iii. Greiðslur eru inntar af hendi í tiltækum gjaldmiðlum að ákvörðun bankans, með tilliti til fjárhagsstöðu hans.
 - iv. Verði bankinn fyrir tapi vegna lána, ábyrgða, hlutabréfafjárfestinga eða annarrar fjármögnunar sem var útistandandi daginn sem landið hætti að vera aðili og fari fjárhæð tapsins yfir fjárhæð varasjóða til að mæta tapi, á þeim degi, skal viðkomandi land endurgreiða, samkvæmt beiðni, þá fjárhæð sem endurkaupsverð hlutabréfa þess hefði lækkað um ef tapið hefði verið tekið með í reikninginn þegar endurkaupsverðið var ákvarðað. Að auki er fyrrum aðili áfram ábyrgur fyrir innköllun á ógreiddum áskriftum í samræmi við 3. mgr. 6. gr. að sama marki og hann hefði þurft að bregðast við ef stofnfé hefði rýrnað að virði og innköllun farið fram þegar endurkaupsverð hlutabréfa hans var ákvarðað.

4. Bindi bankinn endi á starfsemi sína samkvæmt 41. gr. innan sex (6) mánaða frá þeim degi þegar eitthvert land hættir að vera aðili skulu öll réttindi viðkomandi lands ákvörðuð í samræmi við ákvæði 41. og 43. gr. Slíkt land telst áfram aðili að því er varðar þær greinar en hefur ekki atkvæðisrétt.

VIII. KAFLI STÖÐVUN OG SLIT Á STARFSEMI BANKANS

40. gr.

Tímabundin stöðvun starfsemi

Stjórn er í neyðartilvikum heimilt að stöðva starfsemi tímabundið að því er varðar ný lán, ábyrgðir, hlutabréfajárfestingu og aðra tegund fjármögnunar samkvæmt vi. lið 2. undirgreinar 11. greinar, þar til bankaráð hefur haft tækifæri til að íhuga málið frekar og grípa til aðgerða.

41. gr.

Slit starfsemi

1. Bankanum er heimilt að slíta starfsemi sinni með ályktun bankaráðs sem samþykkt er með atkvæði aukins meirihluta eins og kveðið er á um í 28. gr.
2. Að afloknum slíkum slitum skal bankinn strax hætta allri starfsemi nema þeirri sem fylgir skipulegri innlausn, verndun og varðveislu eigna hans og uppgjöri skuldbindinga hans.

42. gr.

Skuldbinding aðila og greiðslur krafna

1. Sé starfsemi bankans slitið heldur skuldbinding allra aðila vegna óinnkallaðra áskrifta að stofnfé bankans og að því er varðar verðlækkun gjaldmiðils þeirra áfram þar til allar kröfur lánveitenda, þ.m.t. allar óvæntar kröfur, hafa verið greiddar.
2. Allir lánveitendur sem eiga beinar kröfur skulu fyrst fá greitt af eignum bankans og næst af greiðslum til bankans eða ógreiddum eða innkallanlegum áskriftum. Áður en greiðslur eru inntar af hendi til lánveitenda sem eiga beinar kröfur skal stjórnin gera þær ráðstafanir sem hún telur nauðsynlegar til að tryggja hlutfallslega dreifingu meðal eigenda beinna og óvæntra krafna.

43. gr.

Dreifing eigna

1. Eignum skal ekki dreift til aðila vegna áskriftar þeirra að stofnfé bankans þar til:
 - i. allar skuldbindingar við lánveitendur hafa verið greiddar eða ráðstafanir gerðar vegna þeirra og
 - ii. bankaráð hefur ákveðið, með atkvæði aukins meirihluta eins og tilgreint er í 28. gr., að eignum skuli dreift.
2. Eignum bankans skal dreift til aðila í hlutfalli við stofnfjáreign hvers aðila og skal eiga sér stað á þeim tíma og við þau skilyrði sem bankinn telur sanngjörn og réttlát. Hlutir dreifðra eigna þurfa ekki að vera samræmdir hvað varðar tegund eignar. Enginn aðili á rétt á að fá sinn hlut í slíkri dreifingu eigna fyrr hann hefur gert upp allar skuldbindingar sínar við bankann.
3. Aðilar sem taka við eignum sem dreift er samkvæmt þessari grein njóta sömu réttinda að því er varðar þær eignir og bankinn naut fyrir dreifingu þeirra.

IX. KAFLI STAÐA, FRÍÐHELGI, FORRÉTTINDI OG UNÐANÞÁGUR

44. gr.

Tilgangur kafla

1. Til að gera bankanum kleift að þjóna tilgangi sínum og sinna þeim hlutverkum sem honum eru falin er honum veitt sú staða, fríðhelgi, forréttindi og undanþágur sem settar eru fram í þessum kafla, á yfirráðasvæði hvers aðila.

